


Eftirfarandi eru dæmi um merkingar ofnæmis- og óþolsvalda sem er ábótavant samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla. Dæmi sem hér fylgja fjalla eingöngu um ofnæmis- og óþolsvalda en ekki almennar merkingar skv. reglugerð.

### Dæmi 1: Rækjusalat


Rækjusalat er samsett úr mismunandi hráefnum. Hérna vantar innihaldslýsingu fyrir majónes.

Rétt merking væri eins og dæmi að neðan sýnir. Athuga þarf að innihaldsefni skal tilgreina eftir minnkandi magni.



## Dæmi 2: Samloka með Roast beef

Hérna vantar innihaldslýsingu fyrir remúlaði. Samlokan inniheldur m.a. kjöt og remúlaði sósu en samsetning remúlaði vantar í innihaldslýsingu samlokunnar.



### Dæmi 3: Kex

Hérna er sýnt hvernig er hægt að benda á ofnæmis- og óþolsvalda með sérstakri merkingu – „*Contains labelling*“. Þessi merking á ekki að koma í staðinn fyrir innihaldslýsingu og á að vera greinileg og aðskilin frá innihaldslýsingu.

#### Salted Crackers

Ingredients:

**Wheat** flour, vegetable oil, sugar, raising agents (ammonium and sodium bicarbonates, disodium diphosphate), salt, glucose syrup, **barley** malt flour.

*Contains*: wheat and barley.

*May contain traces of* sesame seeds, milk, egg, mustard.

*Contains labelling* segir til um hvaða ofnæmis- og óþolsvaldar hafa verið notaðir í vörunni.

*May contain labelling* segir til um að í framleiðslunni er ekki hægt að útiloka að varan X hafi mengast með ofnæmis- og óþolsvald Y.